



***Aðalfundur landssambands
DKG á Íslandi í Salnum,
Kópavogi 11. maí 2025***

Skýrslur nefnda

Efnisyfirlit:

Skýrslur nefnda Delta Kappa Gamma á Íslandi 2023 – 2025.....	3
Félaga-og útbreiðslunefnd	3
Hlutverk félaga og útbreiðslunefndar	3
Laganefnd	4
Hutverk laganefndar	4
Menntamálanefnd.....	5
Hlutverk menntamálanefndar	5
Vorþing Delta Kappa Gamma 2024	5
Almenn kynningarmál	6
Afmælisráðstefna 2025	7
Að lokum.....	8
Námstyrkjanefnd	8
Hlutverk námsstyrkjanefndar	8
Greinargerð námsstyrkjanefndar.....	8
Samskipta- og útgáfunefnd	9
Hlutverk samskipta- og útgáfunefndar.....	9
Uppstillingarnefnd	11
Stjórn landssambands DKG	11
Uppstillingarnefnd.....	12
Skoðunarmenn reikninga	12

Skýrslur nefnda Delta Kappa Gamma á Íslandi 2023 – 2025

Félaga-og útbreiðslunefnd

Í upphafi var formaður félaga- og útbreiðslunefndar Steinunn Guðmundsdóttir, Iotadeild, en vegna veikinda þurfti hún að segja af sér um áarmót 2023-2024. Á vordögum tók við formennsku Sigríður Heiða Bragadóttir, Etadeild. Aðrar í nefndinni eru Sigríður Guttormsdóttir, Epsilondeild og Fanney Dóróthea Halldórsdóttir, Þetadeild

Hlutverk félaga og útbreiðslunefndar

1. Hafa umsjón með uppfærslu handbókar í samvinnu við laganefnd og landssambandsstjórn.
2. Vinna ásamt stjórn landssambandsins að undirbúningi að stofnun deilda, sbr. 3. gr. reglugerðarinnar.
3. Halda utan um félagatal landssambandsins.
4. Bera ábyrgð á skýrslu um látnar félagskonur til alþjóðasamtakanna og landssambandsstjórnar.
5. Vera ráðgefandi um heiðursfélaga.

Það má með sanni segja að fráfaramandi stjórn hafi lyft grettistaki í að skerpa á reglum félagsins og mikilvægi þess að vinna saman. Stjórnin lagði áherslu á að við værum ávallt tilbúnar til að veita stuðning og ráðgjöf til skerpa á reglum um inntöku. Formaður vill leggja áherslu á mikilvægi þess að deildir leiti til nefndarinnar með öll vafamál sem koma upp og komi á framfæri hugmyndum um samstarfsverkefni milli deilda. Mátturinn er okkar. Við viljum líka minna á að tilkynningar um nýjar félagskonur og konur sem hætta í félaginu skulu sendar formanni nefndarinnar og vefstjóra hverju sinni.

Eina stóra verkefni nefndarinnar á þessu ári var að sjá til þess að allar upplýsingar um stjórnir og deildir væru réttar. Það var gert í góðri samvinnu við Árnýju Elíasdóttur forseta og Eygló Björnsdóttur vefstjóra. Við viljum benda félagskonum á að skoða félagatalið til að tryggja að allar upplýsingar séu réttar.

Á árinu 2024 voru 15 nýjar félagkonur boðnar velkomnar í samtökin í eftirfarandi deildir:

Alfadeild 7.

Etadeild 4.

Þetadeild 1.

Mydeild 2.

Kappadeild 1.

Nokkrar félagskonur létust á þessu tímabili og þær eru:

Þóra Unnur Kristinsdóttir, félagi í Alfadeild frá 8. des. 1981 og lést 29. apríl 2024

Gyða Bergþórsdóttir félagi í Deltadeild frá 2. maí 1987 og lést 4. ágúst 2024.

Pálína Jónsdóttir félagi í Gammadeild frá 5. júní 1977 og lést 7. október 2024

Anna Krisjánsdóttir, stofnfélagi í Alfadeild lést 9. apríl 2025

Jakobína Guðmundsdóttir, felagi í Alfadeild lést 12. apríl 2025.

Við þökkum þeim fyrir góð störf í þágu samtakanna. Við viljum ítreka að aðstandendur félagskvenna geta fengið fánann samtakanna að láni og sett hann upp við athöfnina til að heiðra minningu látinnar félagskonu.

Fyrir hönd félaga- og útbreiðslunefnda
Sigríður Heiða Bragadóttir formaður.

Laganefnd

Í laganefnd eru Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, formaður, Alfadeild ásamt Ingibjörgu Jónasdóttur, Gammadeild og Anítu Jónsdóttur, Betadeild.

Hutverk laganefndar

1. Laganefnd endurskoðar lög og reglugerð landssambandsins í ljósi breytinga sem gerðar eru á lögum alþjóðasamtakanna og gætir þess að laga- og reglugerðarbreytingar brjóti ekki í bága við lög alþjóðasamtakanna.
2. Laganefnd annast þýðingu landssambandslaga ef eftir henni er kallað.
3. Laganefnd skal hafa eftirlit með að samræmi sé milli laga, reglugerðar og handbókar.
4. Öllum félagskonum er heimilt að gera tillögur um breytingar á reglugerð. Þær skulu sendar til laganefndar a.m.k. 90 dögum fyrir landssambandsþing. Laganefnd fjallar um þær, kannar hvort lagalegar forsendur eru fyrir tillögunum, mótar þær og sendir stjórn landssambandsins a.m.k. 60 dögum fyrir landssambandsþing. Forseti sendir síðan tillögurnar með dagskrá landssambandsþings. Tillagan telst samþykkt hljóti hún 2/3 hluta atkvæða skráðra þátttakenda á þinginu.
5. Öllum félagskonum er heimilt að gera tillögur um breytingar á lögum og reglum alþjóðasamtakanna. Senda skal laganefnd allar tillögur minnst 4 mánuðum fyrir alþjóðadag. Laganefnd gerir tillögur til stjórnar um þær lagabreytingar er hún samþykkir. Stjórn landssambandsins sendir tillögurnar til alþjóðasamtakanna.

Ekki var nein starfsemi í laganefnd fyrri árið eðli málsins samkvæmt. Fyrsti fundur laganefndar var haldinn 26. júní 2024. Fundinn sótti forseti landssambandsins Árný Elíasdóttir, sem var á leiðinni á alþjóðadag. Mættar voru ásamt formanni, Ingibjörg Jónasdóttir og Aníta Jónsdóttir (Aníta var á Zoom). Nefndarmenn ásamt Árnýju fóru yfir tillögur að lagabreytingum sem lágu fyrir þinginu og ræddu afstöðu Íslands. Mikill samhljómur var með fundarkonum. Þann 14. ágúst fékk laganefnd í hendur þær breytingar sem gerðar voru á lögum alþjóðasambandsins á alþjóðadaginu, sem haldið var í National Harbour 6.-13. júlí 2024, eða þær breytingar sem varða landssambönd og deildir.

Laganefnd hittist á tveimur fundum, sá fyrri var með formanni, Ingibjörgu Elsu og Ingibjörgu Jónasdóttur þann 10. október og sá síðari með formanni, Ingibjörgu Elsu og Anítu Jónsdóttur (á Teams) þann 22. nóvember. Á þessum fundum var tekin afstaða til þess hvaða breytingar þyrfti að gera á lögum landssambandsins, ásamt því að skoða orðalag og þýðingar. 28. nóvember sendi forseti að beiðni formanns laganefndar bréf frá laganefnd til

formanna deilda til að vekja athygli á tímafresti til að gera tillögur að breytingum á lögum og reglugerð landssambandsins. Engar breytingartillögur bárust.

Formaður hélt fund með fulltrúa Íslands í laganefnd alþjóðasambandsins, Jónu Benediktsdóttur og lögsögumanni okkar Sigrúnu Klöru Hannesdóttir þann 3. desember. Farið var yfir tillögur að breytingum á lögum landssambandsins og gerðar nokkrar tillögur að lagfæringum textans. Í framhaldinu voru þessar breytingar sendar laganefndarmönnum, sem samþykktu þær. Endanlegar tillögur að breytingum á lögum og reglugerð landssambandsins voru sendar stjórn landssambandsins 1. mars 2025 og verða þær teknar fyrir á landssambandsþingi DKG í maí 2025.

Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir formaður.

Menntamálanefnd

Landssambandsstjórn skipaði fjórar konur í menntamálanefnd fyrir tímabilið 2023 – 2025. Það voru þær Hólmfríður Jennýjar Árnadóttir, Þetadeild, Inga Dóra Halldórsdóttir, Deltadeild, Katrín Fjóra Guðmundsdóttir, Mýdeild og Soffía Vagnsdóttir, Kappadeild sem var formaður nefndarinnar. Inga Dóra Halldórsdóttir starfaði þó ekki með nefndinni.

Hlutverk menntamálanefndar

1. Nefndin fjallar um verkefni sem snerta fræðslu- og menntamál, þ.m.t. löggjöf á sviðmenntamála og gerir tillögur um sameiginleg viðfangsefni.
2. Nefndin skal annast miðlun gagna og fræðsluefnis til deilda.
3. Nefndin sér um faglega dagskrá þinga og aðra faglega viðburði í samvinnu við landssambandsstjórn.
4. Nefndin skal undirbúa leiðtoganámskeið með landssambandsstjórn.
5. Nefndin beitir sér fyrir verkefnum sem stuðla að því að auka gæði menntunar.

Vorþing Delta Kappa Gamma 2024

Eitt af stærri verkefnum menntamálanefndar var að gera tillögur og undirbúa dagskrá vorráðstefnu Delta Kappa Gamma sem haldin er annað hvort ár. Að þessu sinni kom fram tillaga um að vorráðstefnan skyldi haldin í Borgarnesi laugardaginn 20. apríl 2024. Ráðstefnan er liður í að efla félagskonur í lífi og starfi, hafa áhrif á menntamál í landinu og kynna samtökin enn betur. Menntamálanefnd gerði tillandsambandsstjórnar um drög að dagskrá og allur undirbúningur unninn í nánusamstarfi við hana.

Dagskráin var metnaðarfull með yfirskriftinni Listir – læsi – líðan, til farsældar og kynnt deildum um land allt vel og vandlega.

09.30 – 10:00 Morgunhressing.

10:00 – 10:20 Setning og morgunsöngur.

10:20 – 11:00 Þrjár víddir kennarastarfsins. Ingimar Ólafsson Waage, lektor í Listaháskóla Íslands. Meðal kennslugreina hans í listkennsludeild eru almenn kennslufræði, heimspeki menntunar og kennslufræði sjónlista.

11:00 – 11:30 Læsi, fjölmenning og skapandi skólastarf í Fellaskóla. Hlíf Brynja Baldursdóttir, deildarstjóri. Leiðarljósið er málproski og læsi, leiðsagnarnám, tónlist og skapandi starf í skóla þar sem hlutfall tví- og fjöltyngdra barna er 80 – 90%.

11:30 – 12:00 Syngjandi skóli. Harpa Þorvaldsdóttir, tónmenntakennari.

Markmið verkefnisins er að auka almennan söng í skólum og rjúfa múra milli tónmenntakennslu og annarrar kennslu.

12:00 – 13:00 Hádegisverður.

13:00 – 13:15 Tónlistaratriði.

13:15 – 13:30 Hugleiðsla. Magnea Helgadóttir, Mý-deild leiðir stundina.

13:30 – 14.15 Nýtt nám tengt félags- og tilfinningahæfni. Oddný Sturludóttir, aðjúnt á menntavísindasviði HÍ. Náminu er ætlað að styðja við markmið menntastefnu 2030 um að efla geðrækt og félags- og tilfinningahæfni í skóla- og frístundastarfi.

14:15 – 14.45 Kaffihlé.

14:45 – 15.15 Hvað gleður okkur? Soffía Vagnsdóttir, Kappadeild.

15:15 – 15:45 Uppistand úr héraði. Lollý Magg, uppistandari og leikkona frá Akranesi.

15:45 – 16.00 Samantekt og ráðstefnuslit.

16:00 – 17:00 Hamingjustund. Hótelið býður afslátt af ákveðnum drykkjum.

Því miður fór þó svo að þrátt fyrir metnaðarfulla dagskrá og góða kynningu náðist ekki næg þátttaka félagskvenna í vorráðstefnunni og var því tekin ákvörðun um aflýsa henni. Það voru vissulega vonbrigði.

Almenn kynningarmál

Menntamálanefnd fundaði jafnan á netfundum en einnig fóru samtöl fram í gegnum síma. Eitt af verkefnum nefndarinnar var að koma með tillögur til stjórnar um með hvaða hætti almennt kynningarstarf gæti farið fram. Nefndarkonur ræddu því ýmsar hugmyndir til að glæða starfið og segja frá starfsemi félagsins. Hugmyndir voru lagðar fyrir landssambandsstjórn haustið 2024. Meðal hugmynda menntamálanefndar var að setja af stað fræðslufundaröð á TEAMS fyrir félagskonur um áhugaverð málefni sem tengjast menntun og fræðslu. Hugmyndin var þá að hafa þetta utan hefðbundinna fundartíma deildanna.

Þessari hugmynd náðum við ekki að hrinda í framkvæmd, en þetta gæti verið verðugt verkefni fyrir næstu menntamálanefnd að skoða. DKG konur í deildum út um land hafa frá svo mörgu að segja sem aðrar félagskonur hefðu ánægju og þorsta til að heyra af.

Önnur hugmynd var að útbúa „kynningarherferð“ á Facebook „Ég er DKG kona“ um hverjar eru DKG konur með því að setja inn stuttan kynningartexta í hringinn þar sem mynd af okkur birtist venjulega á Facebook. Það náðist að koma því í framkvæmd í byrjun apríl og var það skemmtileg tilraun til að segja aðeins frá félagsskapnum og fyrir hvað hann stendur. Margar okkar eru enn með þetta á Facebook síðu sinni og var rætt um að láta þetta standa fram yfir afmælisþingið sem verður haldið 10. maí 2025.

Enn ein hugmynd var að stofna DKG kaffi á kaffihúsinu Bókasamlaginu í Skipholti. Þessi hugmynd var rædd í framkvæmdastjórn en fékk ekki hljómgrunn þar sem þetta væri ekki mögulegt öllum DKG konum að taka þátt.

Önnur hugmynd sem menntamálanefnd lagði til að yrði komið í verk var „formaður kynnir sig“. Var þá hugmyndin að Kalla eftir kynningu með mynd frá formönnum. Ein hugmynd var að formönnum yrði sent einhverskonar form sem þeir fylla inn í sem síðan er sett á heimasíðu DKG. Sérstaklega væri mikilvægt að fylgja þessu eftir þegar nýir formenn taka við. Þarf að útfæra betur hver bærir ábyrgð á þessu verkefni.

Afmælisráðstefna 2025

Annað af stærri verkefnum menntamálanefndar á tímabilinu var að undirbúa og koma með tillögur að dagskrá fyrir 50 ára afmælisráðstefnu Delta Kappa Gamma á Íslandi.

Afmælisráðstefnan verður haldin laugardaginn 10. maí 2025. Hér má sjá veglega dagskrá ráðstefnunnar:

VISKA – VIRKNI – VELFERÐ

Kraftmiklar konur og samfélagslegt framlag þeirra. 50 ára afmæliþing Delta Kappa Gammahaldið laugardaginn 10. maí 2025 í Salnum í Kópavogi

Dagskrá:

09:30 - 10:00 Konur mæta - morgunhressing á staðnum.

10:00 - 10:15 Þingsetning og morgunsöngur. Árný Elíasdóttir landsforseti

DKG.

10:15 - 10:45 Anna Hildur Hildibrandsdóttir. Óáþreifanlegar auðlindir

Íslendinga“.Menningarfrumkvöðlar og fjölþætt hlutverk þeirra.

10:45 - 10:50 Stutt hreyfihlé

10:50 – 11:20 Sunneva Halldórsdóttir . „Efnasúpan í lífi okkar“.

11:20 - 11:30 Stutt hugleiðsla

11:30 – 12:00 Nýr afmælissöngur Deltakonurnar Theodóra

Þorsteinsdóttir og Jónína Erna Arnardóttir eru höfundar lags og texta.

12:00 - 13:00 Hádegisverður

13:00 - 13:15 Bjöllumkór Íslands. Stjórnandi Karen J. Sturlaugsson Þetadeild.

13:15 - 13:45 DR. Beverly Hall-Maughan heimsforseti Delta Kappa Gamma

ávarpar þingið.

13:45 - 14:15 Soffía Vagnsdóttir. Hvað gleður okkur? Leiðir til að kjarna okkur í erli dagsins.

14:15 - 14:45 Kaffihlé.

14:45 - 15:25 Bryndís Jóna Jónsdóttir. Farsæld kennara forsenda farsældar

í skólastarfi. Möguleg áhrif núvítundar á mikilvæga þætti velfarnaðar í flóknu starfi kennara.

15:25 - 15:45 Lollý Magg uppistandari og leikkona frá Akranesi.

15:45 - 16:00 Ráðstefnuslit. Árný Elíasdóttir landsforseti DKG.

Í tilefni þessara merku tímamóta í starfi DKG á Íslandi eru konur hvattar til að bjóðameð sér gestum á afmælisþingið í Salnum. Verð pr. einstakling er 7500 kr. Innifalið er morgunkaffi, léttur hádegisverður og síðdegiskaffi. Fundarstjóri: Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, Alfadeild.

Að lokum

Menntamálanefnd fyrir tímabilið 2023-2025 lýkur senn störfum. Ætíð er vilji og metnaður til að leggja mikið af mörkum í þágu okkar góða félagsskapar. Flestar erum við þó önnur kafnar og stúsumst í mörgu sem beint og óbeint teygir sig út ísamfélagið okkar, vonandi til góða fyrir menntun almennt. Því er mikilvægt að muna að þó hugmyndir komi upp um eitt og annað til að efla bæði innra og ytra starf þá gefst ekki alltaf tími til að hrinda þeim öllum í framkvæmd. Menntamálanefnd dreifist í búsetu um landið og því höfum við aldrei náð staðfundi, sem auðvitað er alltaf skammtilegast og mest gefandi.

Formaður þakkar samstarfsskonum sínum í nefndinni kærlega fyrir gott og gefandi samstarf. Við göngum stoltar frá borði og óskum nýrri nefnd sem tekur við velfarnaðar í störfum og þökkum kærlega fyrir okkur.

Soffía Vagnsdóttir formaður menntamálanefndar

Námsstyrkjanefnd

Í námsstyrkjanefnd voru skipaðar Alma Dís Kristinsdóttir, Lambdadeild formaður, Hildur Hauksdóttir, Betadeild og Marsibil Óalfsdóttir, Kappadeild. Marsibil starfaði ekki með nefndinni.

Hlutverk námsstyrkjanefndar

1. Nefndin hefur samvinnu við námsstyrkjanefndir alþjóðasamtakanna jafnframt því sem hún vinnur innanlands að því að efla áhuga félagskvenna á styrkveitingum.
2. Nefndin fylgist með því hvaða námsstyrkir standa til boða, sendir upplýsingar þar um til deilda og viðheldur upplýsingum þar að lútandi á vefsíðu landssambandsins.
3. Nefndin fer yfir umsóknir í námsstyrkjasjóð og gerir tillögur að úthlutun til landssambandsstjórnar.

Greinargerð námsstyrkjanefndar

Námsstyrkjanefnd auglýsti í haustfréttabréfi DKG og á samfélagsmiðlum í janúar 2025. Tvær umsóknir bárust, önnur frá doktorsnema á menntavísindasviði við Háskóla Íslands úr Gammadeild og hin frá meistaranema í mála- og menningardeild Háskóla Íslands úr Nýdeild. Báðir umsækjendur hafa verið virkir félagar í DKG frá árinu 2017 og sinnt ábyrgðarstörfum í stjórn sinna deilda og víðar.

Umsóknirnar eru afar ólíkar en uppfylla báðar – strangt til tekið – þau skilyrði sem sett eru í reglum námsstyrkjasjóðsins. Staða beggja verkefna og áætluð framvinda þeirra kemur skýrt fram. Formleg staðfesting á námsframvindu, starfsferilskrá og greinargerð um verkefnið fylgdi báðum umsóknum.

Gæði umsókna og gildi verkefna

Greinargerð með umsókn Bryndísar Jónu Jónsdóttur doktorsnema á menntavísindasviði HÍ, er faglega unnin, ítarleg og ásetningur skýr. Verkefnið felst meðal annars í „að rannsaka möguleg langtímaáhrif núvitundarþjálfunar á velfarnað kennara og hugsanleg áhrif á félags- og tilfinningafærni þeirra ásamt því að skoða hvort sú færni geti hjálpað þeim að takast á við flókið og oft á tíðum krefjandi starf.“ Verkefnið er að mati námsstyrkjanefndar mikilvægt framlag í umræðu um álag og streitu í starfi kennara auk þess sem það hefur breiða skírskotun inn í fræðasamfélagið á Íslandi og mögulega víðar.

Greinargerð með umsókn Þorgerðar Ásdísar Jóhannsdóttur, meistaranema í mála- og menningardeild HÍ, er stutt og gefur litla innsýn í gildi verkefnisins fyrir fræðslustörf kvenna þó eflaust leynist slíkir þræðir í verkefninu. Verkefnið fjallar um samanburð á samhljómi ameríska rithöfundarins Henry David Thoreau „og samtímamanna hans við íslensk verk á 19. öld, áhrif á einstaklinga inn í 20. öldina en fyrst og fremst að sýna fram á hvernig rödd Thoreau í Walden talar inn í 21. öldina þegar horft er til sjálfbærni og samspils manns og náttúru.“

Það er mat námsstyrkjanefndar að styrkurinn skiptist í tvennt:

1. Kr. 350.000 renni til Bryndísar Jónu Jónsdóttur, kt. 030871-3839 og
2. Kr. 150.000 renni til Þorgerðar Ásdísar Jóhannsdóttur, kt. 030956-7299

Ástæða þessarar skiptingar er sú að verkefni Bryndísar fellur mun betur að gildum og markmiðum DKG samtakanna og er að auki langt komið. Að mati námsstyrkjanefndar er mikilvægt að styðja við Bryndísi Jónu á lokasprettinum því verkefnið mun eflaust vekja mikla athygli og einboðið að kynna það í DKG-samfélaginu hérlandis sem erlendis. Við vonumst til að styrkur til Þorgerðar Ásdísar verði henni hvatning til að ljúka verkinu.

Alma Dís Kristinsdóttir, Lamdadeild,.

Hildur Hauksdóttir, Betadeild.

Samskipta- og útgáfunefnd

Í Samskipta- og útgáfunefnd eru konur úr Zetadeild, Guðrún Ásgeirsdóttir, formaður Guðmunda Vala Jónasdóttir og Sigríður Herdís Pálsdóttir.

Hlutverk samskipta- og útgáfunefndar

1. Nefndin annast útgáfu og dreifingu á fréttablaði landssambandsins og útgáfu á öðru efni sem landssambandsstjórn felur henni.
2. Nefndin sér um að efla tengls milli félagskvenna, deilda og landssambands.
3. Nefndin hvetur til samskipta við utanaðkomandi hópa og gerir tillögur að leiðum til að kynna félagið.
4. Nefndin annast umsjón vefs ásamt vefstjóra og landssambandsstjórn.

Það er komið að lokaverkefni okkar í þessari nefnd en við eigum þó enn eftir að gefa út síðasta fréttablað DKG. Verkefnið er búið að vera gefandi og skemmtilegt og með þessari vinnu fáum við enn frekar að kynnast starfi deildanna sem er mjög fjölbreytt og fræðandi. Samstarf okkar þriggja hefur jafnframt verið ánægjulegt og því fylgir líka alltaf umræða um daginn og veginn þegar við hittumst sem allt fer í minningabankann. Verkaskipting er orðin nokkuð skýr og við vinnum vel saman. Það að starfa í nefndum á vegum félagsins er gefandi það er því ekki ástæða til að mikla það fyrir sér en það krefst tíma.

Haustblað 2023

Þegar við hittumst veltum við fyrir okkur að breyta uppsetningu eða nota annað form á blaðið en sáum svo, að í það verkefni færi of langur tími og ákváðum því að halda okkur við word formið og vera þá frekar búnar að kynna okkur annað form fyrir vorblaðið. Tölvupóstur var sendur á formenn allra deilda með beiðni um efni í blaðið. Fyrirvari var rúmur en þegar líða fór að skilum þurfti að senda út póst aftur og nokkur símtöl tekin. Að lokum vorum við komnar með efni frá öllum deildum, frábærar heimtur.

Þar sem það eru um 70 km eru á milli okkar og yfir fjallveg að fara völdum við að nota zoom og aðra samskiptamiðla. Við hittumst þó tvisvar sinnum á Egilsstöðum og unnum við blaðið. Vinnan var krefjandi en einnig skemmtileg, Við vorum sammála um að við hefðum fengið betri innsýn í starf deildanna með þessari vinnu og áttum líka gott spjall saman. Símafundir voru nokkrir og enn fleiri skilaboð voru send á milli á samfélagsmiðlum. Blaðið kom út í byrjun desember og vorum við ánægðar með frumraunina og sérstaklega að fá efni frá öllum deildum. Við ræddum um að finna annað form fyrir vorblaðið því vinnan við að setja efnið inn í word skjal með römmum og dálkum væri of tímafrek.

Vorblað 2024

Snemma ætluðum við að vera í því með vorblaðið og reyndar var sendur út póstur á deildir í apríl. Ítrekað var síðan þegar nær dró maí og fram í maí. Efni skilaði sér frá nánast öllum deildum. Það fór þó svo að við unnum verkið í gegnum zoom fundi, tölvupóst og sendum skilaboð á milli okkar. Vorið hér fyrir Austan hefur einnig einkennst af vondu veðri og bongóblíðu á víxl ásamt öllu því amstri sem tilheyrir þessum mánuði. Tíminn eða tímaleysi virðist aftur og aftur koma manni á óvart og fréttabréfið var unnið í Word.

Blaðið fór á netið í júní og við stöllum náðum að hittast á Egilsstöðum og fara yfir verkefnið og velta fyrir okkur hvort að við vildum bæta einhverju við fyrir næsta blað. Hugmynd kviknaði að fá konu í okkar deild til að vera með æskuminningu um jólahald og vorið. Það er munur á hversu mikið efni deildir eru að senda, e.t.v. er gott að setja upp smá lista til að senda með þegar beðið eru um efni í blaðið. Við skoðum það hvort betra sé að setja upp eitthvað viðmið. Það var gott að ná að hittast og eiga stund saman og sumarið rétt að koma. Vorið hafði sannarlega komið með hveli, snjócoma og ófærð í lok maí og ófærð í byrjun júní. Svona er veðrið, það fæst víst ekki pantað.

Haustblað 2024

Það fór nú þannig að við náðum ekki að hittast í raunheimi til að skipuleggja útgáfu næsta blaðs en hittumst á fjarfundi. Fyrirkomulag var í föstum skorðum sem og verkaskipting. Við

ræddum að setja einhver viðmið varðandi efni og niðurstaðan varð sú að deildir sendu ekki fleiri en 3-5 myndir. Einnig bættum við við og fengum konu úr okkar deild til að skrifa jólaminningu frá æskuárum. Blaðið fór á netið í byrjun desember, með upplýsingum um fjölbreytt og skemmtilegt starf deildanna.

Vorblað 2025

Þegar þessi orð eru rituð er enn verið að safna saman efni í vorblaðið og eigum við ekki von á öðru en að það skili sér og vonandi að sem flestar deildir eigi efni í blaðinu. Við stefnum á að hittast á næstu dögum og skipta með okkur verkum. Eins var hugmynd að fá æskuminningu frá konu í zeta deild. Við stöllum, Guðrún, Guðmunda Vala og Sigríður Herdís þökkum fyrir samvinnuna með ykkur. Njótið sumarsins.

Guðrún Ásgeirsdóttir, formaður samskipta- og útgáfunefndar.

Uppstillingarnefnd

Í nefndinni eru Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, Alfadeild, formaður, Guðrún Edda Bentsdóttir, Kappadeild og Birna Sigurjónsdóttir, Lambdadeild.

Hutverk uppstillingarnefndar er að gera tillögur um frambjóðendur tillandssambandsstjórnar, uppstillingarnefndar og endurskoðunar reikninga. Uppstillingarnefnd ber að senda bréf til allra deilda með ósk um tilnefningar í embætti eigi síðar en í desember fyrir kosningaár. Þetta bréf var sent til forseta með beiðni um að hún sendi það áfram til deilda. Það var gert þann 26. nóvember. Formaður uppstillingarnefndar skrifaði einnig inn á Facebook síðu félagsins að verið væri að leita eftir frambjóðendum í þessi embætti. Beðið var um að tilnefningar bærust uppstillingarnefnd fyrir lok janúar og jafnframt að skriflegar upplýsingar um starfsferil frambjóðenda myndu fylgja. Aðeins ein tilnefning barst skömmu eftir að frestur rann út.

Uppstillingarnefnd ber að vinna úr tilnefningum til embætta sem henni berast frá deildum og leggja fyrir stjórnina skrá yfir frambjóðendur sem stjórnin sendir út með fundarboði tillandssambandsþings. En einnig kemur fram í reglugerð að Uppstillingarnefnd tilnefni í lausembætti forseta, fyrsta varaforseta, annars varaforseta, ritara og meðstjórnanda og skilartillögum til landsambandsstjórnar fyrir 15. febrúar. Í ljósi þess að lítið var um tilnefningar, ákvað uppstillingarnefnd að byrja á að kanna hvort einhverjir af fulltrúum í stjórn, uppstillingarnefnd eða skoðunarmenn reikninga vildu halda áfram, en heimilt er að vera í sama embætti í tvö tímabil. Jafnframt var farið vandlega yfir hvaða deildir hefðu haft fæsta fulltrúa í þessum embættum s.l.10 ár til að hægt væri að leggja áherslu á að fá frambjóðendur frá einhverjum þeirra. Þetta gekk eftir og eftirfarandi niðurstaða Uppstillingarnefndar var send forseta sambandsins þann 13. febrúar. Þessi tillaga verður lögð fyrir þingið í maí næstkomandi.

Stjórn landssambands DKG

Hrund Logadóttir, Alfadeild, Forseti

Vilborg Ása Bjarnadóttir, Iotadeild, 1. varaforseti

Hólmfríður Árnadóttir, Þetadeild 2. varaforseti

Ingileif Ástvaldsdóttir, Mýdeild, ritari

Sigríður Heiða Bragadóttir, Etadeild, meðstjórnandi.

Uppstillingarnefnd

Guðrún Edda Bentsdóttir, Kappadeild, formaður

Árný Elíasdóttir, Gammadeild

Birna Sigurjónsdóttir, Lambdadeild

Skoðunarmenn reikninga

Hanna Halldóra Leifsdóttir, Gammadeild

Iðunn Antonsdóttir, Lambdadeild

Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, formaður uppstillingarnefndar.